

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 13/2009

Kæra Íslenska gámafélagsins ehf. á ákvörðun Neytendastofu [nr. 24/2009](#).

1. Þann 5. mars 2010 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 13/2009: Kæra Íslenska gámafélagsins ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 24/2009 frá 21. september 2009. Í málinu úrskurða Eiríkur Jónsson, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, dags. 16. október 2009, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 24/2009 frá 21. september 2009, um að kærandi hafi brotið gegn 20. gr. og 2. másl. 25. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993 með skráningu og notkun lénsins gamur.is frá skráningu til 1. júlí 2005, brotið gegn 5. gr. og 2. másl. 12. gr. þágildandi laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005 með notkun lénsins gamur.is frá 1. júlí 2005 til 7. júní 2008, og brotið gegn 2. másl. 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 með notkun lénsins gamur.is frá 7. júní 2008. Með ákvörðuninni bannaði Neytendastofa kæranda notkun lénsins gamur.is, með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Skyldi bannið taka gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunarinnar og kærandi á þeim tíma afskrá lénið hjá ISNIC, Internet á Íslandi. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, „kröfu gagnaðila verði hafnað og niðurstaðan verði sú að stjórnvöld sjái ekki ástæðu til aðgerða á grundvelli kvörtunar til Neytendastofu“.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

MÁLAVEXTIR

4. Með erindi Gámapjónustunnar hf. til Neytendastofu hinn 8. september 2008 var lögð fram formleg kvörtun vegna skráningar og notkun kæranda á léninu gamur.is. Í erindinu, sem ritað var af lögfræðingi félagsins, var farið fram á að kæranda yrði bannað að nota lénið og gert að afskrá það hjá ISNIC. Þar kom fram að Gámapjónustan hf. sé eigandi lénsins gamar.is, en skráning þess hafi farið fram þann 12. nóvember 1998. Lénið vísi á heimasíðu félagsins þar sem það bjóði fram ýmsa þjónustu er varði sorphirðu. Félagið eigi einnig lénin gámar.is og gámur.is en þau vísi inn á umrædda heimasíðu félagsins. Þann 29. mars 2000 hafi kærandi skráð lénið gamur.is og þegar lénið sé slegið inn sé viðkomandi beint á heimasíðu kæranda. Ljóst sé að framangreind skráning og notkun sé klárt brot á 5. og 12. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005, eins og nánar er rökstutt í erindinu.

5. Í erindinu segir m.a. að það sé mjög líklega fallið til þess að valda ruglingi, og þar af leiðandi algjörlega ófært, að tveir aðilar sem séu í beinni samkeppni séu í raun að nota sama lénið að því undanskildu að annar aðilinn noti lénið í fleirtölu en hinn í eintölu. Réttthafarnir séu beinir keppinautar og vöru- og þjónustulíking því alger. Meginreglan hjá forvera Neytendastofu, samkeppnisráði, hafi verið sú að ef um sama orð sé að ræða í mismunandi útfærslum, og réttthafarnir séu keppinautar, þá sé þeim sem seinni var til að skrá lén sitt gert að afskrá það hjá ISNIC. Skráning og notkun kæranda á léninu sé því skýrt brot á 12. gr. laga nr. 57/2005. Gámaþjónustan hf. hafi verið fyrri til að skrá lénið gamar.is og eigi því betri rétt til orðsins sem lénaheitis auk þess sem ljóst sé að Gámaþjónustan hf. og kærandi séu keppinautar á markaði.
6. Í erindinu segir jafnframt að það sé ljóst í huga Gámaþjónustunnar hf. að kærandi virðist hafa sett upp lénið til þess eins að ná til þeirra sem ætli að fara inn á lénið gamar.is en slái inn fyrir mistök gamur.is. Lénið gamur.is hafi því þann eina tilgang að afvegaleiða neytendur í þeirri von að þeir leiti til kæranda í stað Gámaþjónustunnar hf. og villa þar með um fyrir þeim, sem sé skýrt brot á 5. gr. laga nr. 57/2005. Í erindinu er loks tekið fram að ástæðan fyrir því að kvörtunin hafi ekki komið inn á borð hjá Neytendastofu fyrr sé sú að eftir nokkra biðlund sjái Gámaþjónustan hf. sér ekki fært að sitja undir þeim viðskiptaháttum sem kærandi hafi viðhaft síðustu ár. Hafi þeir leitt af sér aukna hættu á ruglingi sem undirstrikist oftast en ekki í ruglingi í tengslum við nánast eins lénaheiti fyrirtækjanna. Lög nr. 57/2005 kveði ekki á um tímamörk hvað kvartanir varðar.
7. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 18. september 2008, var kæranda kynnt framkomið erindi og óskað eftir skýringum eða athugasemdum hans við það. Ekkert svar barst og með bréfi Neytendastofu, dags. 11. desember 2008, var kæranda á ný gefinn frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum, og svo enn á ný með bréfi, dags. 16. janúar 2009. Svar barst með bréfi lögmanns kæranda, dags. 5. febrúar 2009. Þar er tekið fram að Gámaþjónustan hf. hafi ekki farið þess á leit við kæranda að hann hætti að nota umrætt lén á þeim átta árum sem lénið hafi verið skráð. Beri því að hafna kröfu félagsins á grundvelli tómlætis. Er í þessu sambandi vísað til leiðbeiningar til þeirra reglna sem fram komi í 8. og 9. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997.
8. Í bréfinu er fullyrðingum í þá veru að eini tilgangurinn með uppsetningu lénsins hafa verið að afvegaleiða neytendur jafnframt mótmælt. Ekki sé hægt að skilja þessar ósönnu fullyrðingar á annan veg en að Gámaþjónustan hf. hafi sett upp lénið grænatunnan.is af þessum sömu hvötum og félagið geri kæranda upp. Kærandi hafi kvartað til Neytendastofu vegna skráningar og notkunar Gámaþjónustunnar hf. á léninu grænatunnan.is og ekki verði hjá því komist að skoða kvörtun síðarnefnda félagsins í því ljósi. Kvörtunin beri ekki aðeins með sér tómlæti heldur sé hún andstæð þeirri staðreynd að um sé að ræða lýsandi orð á því viðskiptasviði sem um ræði. Gámaþjónustan hf. geti ekki eignað sér þetta orð eins og félagið reyni að gera. Í þessu sambandi vísar kærandi til 13. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997, en sama mat á sérkenni sé lagt til grundvallar í samkeppnisrétti. Með vísan til þess sem í bréfinu greinir krefst kærandi þess að kvörtun Gámaþjónustunnar hf. verði hafnað.
9. Með bréfi Neytendastofu til lögfræðings Gámaþjónustunnar hf., dags. 10. febrúar 2009, var félaginu kynnt framkomið svarbréf kæranda og gefinn kostur á að koma að skýringum eða

athugasemdam við það. Svar barst með bréfi lögfræðings Gámaþjónustunnar hf., dags. 18. mars 2009, eftir að fresturinn hafði verið framlengdur af hálfu Neytendastofu. Þar er m.a. tekið fram að lög nr. 57/2005 kveði ekki á um tímamörk hvað kvartanir varðar. Engin ákvæði séu í lögnum þess efnis að það geti valdið réttindamissi eða fyrirgert rétti til að kvarta á grundvelli laganna að kvörtun berist ekki innan ákveðins tímabils eða í „tæka tíð“. Auk þess er tekið fram að skráningin sem slík hafi í raun ekki afgerandi áhrif á það hvort notkun léns sé brot á lögum nr. 57/2005, heldur sé notkunin það sem horfa verði til. Þá er tilvísunum kæranda til reglna laga nr. 45/1997 um tómlæti alfarið vísað á bug. Í kvörtuninni sé ekki byggt á því að um brot á vörumerkjarétti sé að ræða og ákvæði laga nr. 45/1997 komi kvörtuninni því á engan hátt við.

10. Í bréfinu ítrekar Gámaþjónustan hf. aftur á móti að notkun kæranda á léninu sé skýrt brot á lögum nr. 57/2005. Mat á sérkenni orðanna „gamar“ og „gamur“ eins og kærandi vísi til skipti ekki máli, enda sé kvörtunin ekki byggð á því að um vernduð/skráð vörumerki sé að ræða. Notkunin á léninu sé augljóslega ruglandi/villandi fyrir neytendur. Þá er tekið fram að notkunin virðist í einu og öllu miða að því að veða að rétti Gámaþjónustunnar hf. og nefnt í því sambandi að netfang forstjóra félagsins sé sveinn@gamar.is en netfangið sveinn@gamur.is virðist virkt og í umsjón kæranda. Að endingu er ítrekað í bréfinu að Gámaþjónustan hf. hafi skráð lén sitt og hafið notkun á því tveimur árum áður en kærandi skráði lén. Einungis skilji einn bókstafur lénin að, eða munurinn á eintölumynd og fleirtölumynd. Þetta skapi óumdeilda hættu á ruglingi og því beri að banna notkun kæranda á léninu gamur.is með vísan til 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005.
11. Með bréfi Neytendastofu til lögmanns kæranda, dags. 26. mars 2009, var félaginu kynnt framkomið svarbréf Gámaþjónustunnar hf. og gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdam við það. Svar barst með bréfi lögmanns kæranda, dags. 6. apríl 2009. Þar er m.a. fjallað frekar um tómlæti og tekið fram að það sé meginregla að sá sem telji sig eiga einhvern rétt verði að halda þeim rétti til laga og bera hallann af vanrækslu sinni ef hann sinnir því ekki. Almenn kröfuréttindi fyrnist t.d. á fjórum árum samkvæmt lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Óumdeilt sé að Gámaþjónustan hf. hafi ekki gætt réttar síns í þau átta ár sem kærandi hafi átt lénið gamur.is skráð, og beri hallann af þeirri vanrækslu sinni. Þá er áréttað að beita mætti þeim meginreglum hugverkaréttar sem settar séu fram í 8. og 9. gr. laga nr. 45/1997.
12. Í bréfi kæranda segir og að það sé rangt að ekki þurfi að meta sérkenni auðkennisins sem um ræði. Þegar ákveða skuli hvort 15. gr. a laga nr. 57/2005 eigi við verði að skera úr því hvort orðið „gamar“ skorti sérkenni eða ekki, enda njóti auðkenni sem skorti sérkenni eða séu lýsandi ekki verndar ákvæðisins. Um þetta er vísað til ýmissa úrlausna og fræðiskrifa í bréfinu. Enginn geti fengið einkarétt á orðinu gamur fyrir þá starfsemi sem Gámaþjónustan hf. stundi. Þá er það sagt rangt að kærandi hafi ætlað að nýta sér viðskiptavild Gámaþjónustunnar hf. og veða að rétti félagsins. Kærandi hafi lögmet not fyrir lén sitt með sama hætti og Gámaþjónustan hf. Þá eigi vangaveltur um það hvert erindi sem send séu á rangt netfang kunni að fara ekki erindi inn í málið. Loks er tekið fram að ekki skipti máli við mat á ruglingshættu í vörumerkja- eða samkeppnisrétti hvort neytendur hafi í raun ruglast á auðkenninum.

13. Með bréfi Neytendastofu til lögfræðings Gámaþjónustunnar hf., dags. 7. apríl 2009, sem lögmaður kæranda fékk jafnframt afrit af, var Gámaþjónustunni hf. kynnt síðastgreint svarbréf kæranda. Þar var jafnframt tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og málið yrði því tekið til ákvörðunar stofnunarinnar. Með bréfinu fylgdi og listi yfir gögn málsins.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

14. Hinn 21. september 2009 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 24/2009. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 20. gr. og 2. másl. 25. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993 með skráningu og notkun lénsins gamur.is frá skráningu til 1. júlí 2005, brotið gegn 5. gr. og 2. másl. 12. gr. þágildandi laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005 með notkun lénsins gamur.is frá 1. júlí 2005 til 7. júní 2008, og brotið gegn 2. másl. 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 með notkun lénsins gamur.is frá 7. júní 2008. Með ákvörðuninni var kæranda bönnuð notkun lénsins, með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Skyldi bannið taka gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunarinnar og kærandi á þeim tíma afskrá lénið hjá ISNIC, Internet á Íslandi.
15. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er fyrst vikið að sjónarmiðum kæranda um tómlæti. Segir þar að í lögum nr. 57/2005 sé ekki tímamark vegna kvartana á notkun vörumerkja skv. 15. gr. a. Í gögnum kæranda sé réttilega á það bent að ákvæði laga um vörumerki nr. 45/1997 komi til álita við mat á því hvort vörumerki getið notið einkaréttar skv. 15. gr. a. Ekki hafi reynt á það hvort ákvæði 8. og 9. gr. laga nr. 45/1997 um tómlæti komi einnig til álita. Skilyrði þess að yngri skráður réttur geti notið samhliða verndar og eldri skv. 8. gr. séu að yngri rétthafi hafi verið grandlaus um hið eldra vörumerki og eldri rétthafi verið grandsamur um skráningu hins yngri réttar, en þrátt fyrir það látið skráninguna afskiptalaus í fimm ár. Í málinu hafi kærandi ekki sýnt fram á að fyrirtækið hafi verið grandlaust um lén Gámaþjónustunnar hf., gamur.is, þegar það fékk lénið gamur.is skráð, þótt fram hafi komið að Gámaþjónustunni hf. hafi nú um nokkurt skeið verið kunnugt um lén kæranda. Að mati Neytendastofu séu ekki uppfyllt skilyrði 8. gr. laga nr. 45/1997 og af þeirri ástæðu komi ekki til frekari álita hvort ákvæðið eigi við í málinu.
16. Síðan segir að í 9. gr. laga nr. 45/1997 sé hins vegar fjallað um það að yngri rétthafi geti notið verndar samhliða eldri rétthafa ef sá sem nýtur eldri réttar hefur ekki innan hæfilegs tíma gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir notkun yngra merkisins. Hvorki í ákvæðinu né í umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögunum sé fjallað um það hvað geti talist hæfilegur tími. Í greinargerðinni sé hins vegar vísað til þess að mat á því hvað teljist hæfilegur tími sé í höndum dómstóla. Af því leiði að Neytendastofa taki ekki afstöðu til þess hvort Gámaþjónustan hf. hafi sýnt af sér tómlæti samkvæmt ákvæðinu. Frávísunarkröfu kæranda sé því hafnað.
17. Í ákvörðuninni er næst fjallað með almennum hætti um 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005, eins og löggin voru fyrir gildistöku laga nr. 50/2008. Síðan segir að báðir aðilar hafi skráð lén sín hjá ISNIC, Internet á Íslandi. Gámaþjónustan hf. eigi skráð lénið gamur.is frá 12. nóvember 1998 og

kærandi lénið gamar.is frá 29. mars 2000. Að mati Neytendastofu eigi báðir aðilar tilkall til auðkenna sinna og því eigi 2. másl. 12. gr. við í málinu. Í ákvörðuninni er svo vikið að lagabreytingum frá því að lénið var skráð 29. mars 2000 og þýðingu þeirra lagabreytinga í málinu. Ákvæði 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 komi til álita við mat á því hvort skráning lénsins og notkun þess fram til 1. júlí 2005 teljist brot, ákvæði 5. og 12. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005 varðandi notkun lénsins frá 1. júlí 2005 til 7. júní 2008, en 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 varðandi notkunina frá þeim tíma.

18. Næst er tekið fram að óumdeilt sé að lénnöfn fyrirtækjanna, gamar.is og gamur.is, séu lík, og þar sem fyrirtækin starfi í sömu atvinnugrein þyki Neytendastofu einsýnt að verulegar líkur séu á að sá sem þekki til annarrar heimasíðunnar eða beggja villist inn á heimasíðu þess fyrirtækis sem ekki var ætlunin að heimsækja. Að mati Neytendastofu skapi tilkoma og notkun lénnafnsins gamur.is hættu á ruglingi og geti haft óhagræði í för með sér. Þá fái stofnunin ekki betur séð en að í raun sé um eitt og sama lénnafnið að ræða, í eintölu og fleirtölu. Að mati Neytendastofu sé það að nota fleirtölumynd léns keppinautarins ekki nægilegt til að aðgreina fyrirtækin. Með vísan til framangreinds telji Neytendastofa að notkun kæranda á lénnafninu gamur.is geti leitt til þess að villst verði á því og lénnafni Gámaþjónustunnar hf., sem notað hafi verið lengur, og slíkt brjóti því gegn þágildandi 2. másl. 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 frá skráningu til 1. júlí 2005, gegn þágildandi 2. másl. 12. gr. laga nr. 57/2005 frá 1. júlí 2005 til 7. júní 2008, og gegn ákvæði 2. másl. 15. gr. a laga nr. 57/2005 frá 7. júní 2008.
19. Loks segir að í ljósi þess að Gámaþjónustan hf. og kærandi séu keppinautar, m.a. í sorphirðu, fái Neytendastofa ekki séð að tilviljun hafi ráðið skráningu kæranda á léninu gamur.is, og að fyrirtækið hafi átt að vita betur. Slíkt telji Neytendastofa að brjóti í bága við góða viðskiptahætti, sbr. ákvæði þágildandi 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og þágildandi 5. gr. laga nr. 57/2005. Með vísan til alls framangreinds og ákvæðis 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005 telji Neytendastofa nauðsynlegt að banna kæranda að nota lénið gamur.is og leggi fyrir fyrirtækið að láta afskrá það.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR ANNARRA

20. Í kæru, dags. 16. október 2009, er vísað til sömu málsástæðna og lagaraka og í greinargerðum kæranda til Neytendastofu, dags. 5. febrúar 2009 og 6. apríl 2009, sem fjallað var um að framan. Auk þess er byggt á þeim málsástæðum og lagarökum sem fram koma í kæru. Þar er ennfremur stuttlega vikið að starfsemi kæranda og tekið fram að aðalstarfsemi hans lúti að gámaþjónustu.
21. Í umfjöllun um málsástæður í kærinni er fyrst tekið fram að ágreiningslaust sé að lénið sem málið snúist um (gamur.is) hafi verið skráð 29. mars 2000, og kvörtunin verið send til Neytendastofu með bréfi, dags. 8. september 2008. Allan þennan tíma, eða í tæp níu ár, hafi Gámaþjónustan hf. aldrei gert athugasemdir beint við kæranda út af notkun á léninu. Fræðimenn hafi talið að beita mætti lagaákvæði eins og 9. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 með lögjöfnun þegar verið sé að meta tómlæti og í hlut eigi vörumerki og annars konar auðkenni. Því ætti að vera hægt að beita 9. gr. laga nr. 45/1997 með lögjöfnun í þessu tilviki. Í ákvörðun Neytendastofu gæti mótsagnar þegar

fjallað sé um tómlæti. Tómlæti Gámaþjónustunnar hf. sé algert og þegar af þeirri ástæðu beri að hafna kröfu félagsins.

22. Kærandi tekur næst fram að jafnvel þótt ekki væri byggt á tómlæti, verði ekki horft framhjá þeirri staðreynd að hann hafi notað lén sitt athugasemdalaust í á níunda ár. Það segi allt sem segja þurfi um hina meintu ruglingshættu. Hið rétta sé að kærandi hafi sent kvörtun til Neytendastofu vegna skráningar Gámaþjónustunnar hf. á léninu grænatunnan.is/grænatunnan.is og í kjölfarið hafi þessi kvörtun komið fram. Það skýri hvers vegna tæplega níu ár hafi liðið þar til kvartað var. Bæði fyrirtækin noti orðið gámur í firmaheiti sínu. Því sé í raun verið að banna kæranda að nota firmaheiti sitt og þar með að lýsa vörum sínum og þjónustu. Slíkt bann sé í andstöðu við þá reglu sem fram komi í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 45/1997.
23. Ef ákvörðun Neytendastofu standi sé í raun og veru verið að veita Gámaþjónustunni hf. einkarétt á orðinu gámur með því að banna kæranda að nota orðið gámur í lénu sínu. Orðið gámur/gámar sé lýsandi orð og enginn geti öðlast einkarétt á slíku nafni, hvort sem sé í formi léns eða annars auðkennis fyrir vörur og þjónustu sem tengist gámum. Sömu sjónarmið og í vörumerkjarétti gildi við mat á sérkenni í skilningi 15. gr. a laga nr. 57/2005. Vísar kærandi til fræðiskrifa um þetta efni, sem og danskra dóma, þ.e. Ufr. 1960, bls. 468, Ufr. 1972, bls. 974, Ufr. 1977, bls. 1055, Ufr. 1980, bls. 1050, Ufr. 1983, bls. 1060, Ufr. 1988, bls. 300 og Ufr. 1993, bls. 635. Þá vísar hann til umfjöllunar sinnar um umrædda reglu í greinargerð til Neytendastofu frá 6. apríl 2009 og tekur fram að svo virðist sem Neytendastofa hafi algerlega horft framhjá henni í niðurstöðu sinni. Reglan um sérkenni sé í 13. gr. laga nr. 45/1997. Orðið gámur hafi verið notað í íslensku frá því um 1970 til þess að lýsa flutningsíláti og sé þýðing á enska orðinu container. Vísar kærandi í þessu sambandi til framlagðra ljósrita úr dagblöðum og orðabókum.
24. Kærandi tekur einnig fram að áfrýjunarnefnd neytendamála hafi þegar úrskurðað í sambærilegu máli, þ.e. í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála 12. október 2006 (3/2006). Þá vísar hann til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála 7. mars 2007 (6/2006). Hæstiréttur hafi staðfest þessi sjónarmið í dómum sínum, m.a. í Hrd. 1947, bls. 227. Auk þess vísar kærandi til dóms sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 5. desember 1940 (27/1939), Hérð. Rvk. 24. mars 1995 (E-8359/1994) og Hérð. Rvk. 17. apríl 1998 (E-359/1997). Dómarnir sýni að ekki verði að réttum lögum við það unað að einn aðili í þeirri atvinnugrein að þjónusta neytendur með gáma fái einkarétt á orðinu gámur og geti þar með bannað öðrum í sömu atvinnugrein að nota orðið. Slíkt sé í andstöðu við þá meginreglu auðkennaréttar sem fram komi í 13. gr. laga nr. 45/1997 og sé talin gilda við túlkun á 15. gr. a laga nr. 57/2005. Í samræmi við framangreinda úrskurði verði þeir sem kjósa að nota lýsandi orð sem auðkenni fyrir starfsemi sína að hlíta því að aðrir noti eins eða svipað auðkenni til að lýsa vöru sinni eða þjónustu.
25. Með bréfi, dags. 24. október 2009, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 6. nóvember 2009, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Í greinargerðinni er fyrst vikið að sjónarmiðum kæranda um tómlæti. Varðandi þau vísar stofnunin aðallega til hinnar kærðu ákvörðunar en vekur þó einnig athygli á ákvörðun Einkaleyfastofu 13.

janúar 2006 (1/2006), þar sem fram kemur samskonar rökstuðningur að því er varðar 9. gr. laga nr. 45/1997. Samkvæmt honum telji Neytendastofa sér ekki fært að meta tímamörk tómlætis samkvæmt 9. gr. laga nr. 45/1997. Þá bendir stofnunin á tvo úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála þar sem frávísun vegna tómlætis hafi verið hafnað, þ.e. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála 25. ágúst 2005 (14/2005) og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála 3. desember 2003 (14/2003).

26. Neytendastofa tekur einnig fram að hin kærða ákvörðun lúti eingöngu að notkun á léninu gamur.is en ekki að firmaheiti aðilanna. Neytendastofa geti því ekki fallist á að með ákvörðuninni sé kæranda bönnuð öll notkun orðsins gámur, heldur sé um að ræða bann við notkun á léni sem sé svo líkt léni Gámaþjónustunnar hf. að mikil ruglingshætta skapist. Ákvörðunarorð hinnar kærðu ákvörðunar séu skýr á þá leið að um sé að ræða bann við notkun á léninu. Vegna umfjöllunar kæranda um úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 12. október 2006 (3/2006) og það að um almennt orð sé að ræða bendir Neytendastofa á ákvörðun samkeppnisráðs 22. júní 2005 (23/2005) og síðari úrlausnir vegna sama máls, þ.á m. Hrd. 22. febrúar 2007 (406/2006). Þá bendir Neytendastofa á ákvörðun samkeppnisráðs 3. desember 2004 (25/2004), sem staðfest hafi verið með vísan til forsendna í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála 8. febrúar 2005 (5/2004).
27. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 13. nóvember 2009, var lögmanni kæranda send greinargerð Neytendastofu og óskað eftir afstöðu kæranda til hennar. Svar barst með bréfi lögmannsins, dags. 26. nóvember 2009. Þar er m.a. tekið fram að ef niðurstaðan standi óhöggðu þá sé verið að banna kæranda að nota firmaheiti sitt sem lén, því firmaheitið innihaldi sama orð. Kæranda sé fyrirmunað að skilja hvers vegna Neytendastofa vísi til Hrd. 22. febrúar 2007 (406/2006) máli sínu til stuðnings. Þeirri málsástæðu að vörumerkið sem um var deilt væri lýsandi og því ekki skráningarhæft hafi ekki verið haldið fram af málsaðilum, hvorki við meðferð stjórnvalda á málinu né fyrir dómstólum. Sama gildi um ákvörðun samkeppnisráðs 3. desember 2004 (25/2004), líkt og nánar er rakið í bréfinu. Þar segir og m.a. að rétt sé að vekja athygli á því að hvorki í hinni kærðu ákvörðun né í greinargerð Neytendastofu sé vikið að þeim málsástæðum sem höfuðmáli skipti að mati kæranda, þ.e. hvort unnt sé að veita einum aðila einkarétt á almennu lýsandi orði fyrir þá þjónustu sem hann og fleiri veita á markaði.
28. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 4. desember 2009, voru lögfræðingi Gámaþjónustunnar hf. send fyrirbyggjandi gögn á kærustigi og óskað eftir afstöðu félagsins til kærunnar. Svar barst með greinargerð lögfræðingsins, dags. 18. desember 2009. Þar er farið fram á að ákvörðun Neytendastofu verði staðfest og tiltekna athugasemdir settar fram, en hvað frekari rökstuðning varðar er vísað til þeirra greinargerða og gagna sem félagið lagði fram við meðferð málsins hjá Neytendastofu.
29. Gámaþjónustan hf. tekur fram að ef staðfest verði að kæranda sé óheimilt að nota lénið gamur.is, feli það á engan hátt í sér einkarétt Gámaþjónustunnar hf. á orðinu „gámur“ eða einhverjum myndum þess orðs, heldur einungis þá staðreynd að notkun kæranda á léninu sé óheimil, enda til þess fallin að skapa ruglingshættu á meðal neytenda. Gámaþjónustan hf. hafi skráð lénið gamar.is á sínum tíma og þetta lén verið notað fyrir aðalheimasíðu félagsins alla tíð síðan. Kærandi hafi

síðar skráð lénið gamur.is og notað það til að vísa inn á aðalheimasíðu sína. Ekki verði séð að neitt kalli á að kærandi noti umrætt lén fyrir heimasíðu fyrirtækisins, annað en það að líkja eftir léni Gámaþjónustunnar hf. Í því sambandi vekur Gámaþjónustan hf. athygli á því að undanfarna mánuði hafi kærandi notað lénið igf.is og t.d. sé vísað til þess léns í framlögðu dreifibréfi kæranda. Lénið gamur.is hafi ekki verið í almennri notkun því samhliða, en væri það slegið inn hafi verið vísað inn á aðalheimasíðu kæranda. Þessu virðist aftur á móti hafa verið breytt núna alveg nýlega eftir að málið kom upp og lénið gamur.is sé nú virkt sem aðalheimasíða kæranda.

30. Hvað tómlæti varðar er í greinargerðinni vísað til þess sem komið hafi fram í fyrri greinargerðum. Því til viðbótar er tekið fram að ekki sé auglýst, birt eða kynnt sérstaklega þegar lén séu skráð. Þetta sé gjörólíkt því sem gerist við skráningu vörumerkja og því sé mjög auðvelt að skrá lén án þess að aðilar verði þess varir. Ítrekað er að það sé notkun lénsins og hvernig hún hafi verið sem sé brot gegn lögum nr. 57/2005. Hér sé sérstaklega bent á dæmið sem áður hafi komið fram um að tölvupóstur sem sendur sé á lénið sveinn@gamur.is, í stað sveinn@gamar.is sem sé netfang framkvæmdastjóra Gámaþjónustunnar hf., komi ekki endursendur, heldur virðist lénið virkt. Sama eigi við um aðra yfirmenn sem starfi fyrir Gámaþjónustuna hf. og bendi þetta til klárs ásetning af hálfu kæranda til að villa um fyrir neytendum þannig að verulegur skaði geti hlotist af fyrir Gámaþjónustuna hf.
31. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 4. janúar 2010, var lögmanni kæranda send greinargerð Gámaþjónustunnar hf. og kæranda gefinn kostur á að koma að athugasemdum við hana. Svar barst með bréfi, dags. 14. janúar 2010. Þar er fullyrðingu um að lénið gamur.is hafi ekki verið í „almennri notkun“ mótmælt sem rangri og ósannaðri. Kærandi hafi ekki dregið úr notkun á léninu heldur þvert á móti. Kærandi noti önnur netföng/lén í ákveðin sérverkefni, t.d. eins og það sem fram hafi komið í dreifibréfinu er fylgdi greinargerð Gámaþjónustunnar hf. Í þessu sambandi sé rétt að upplýsa að Gámaþjónustan hf. eigi 23 lén skráð samkvæmt fylgiskjali með upphaflegu erindi félagsins til Neytendastofu. Kærandi hafnar því og að ásetningur hans standi til þess að villa um fyrir neytendum með því að nota lén sem hann eigi löglega skráð sem netfang fyrir sína starfsmenn. Nefnir hann m.a. að málatilbúnaður Gámaþjónustunnar hf. sé ekki trúverðugur að þessu leyti, sérstaklega í ljósi þessa að lén kæranda hafi verið í notkun í níu ár án þess að félagið gerði athugasemdir.
32. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 5. febrúar 2010, var lögfræðingi Gámaþjónustunnar hf. sent síðastgreint bréf kæranda og gefinn kostur á að koma að athugasemdum við það. Svar barst með bréfi, dags. 20. febrúar 2010. Þar er í fyrsta lagi tekið fram að rétt sé að benda á að málið snúist hvorki um það hvað teljist almenn notkun á léni, né hvort reglur ISNIC um skráningu léna setji fram skilyrði um notkun þeirra. Það sé misskilningur hjá kæranda og ekki umdeilt í málinu. Ósamfelld og misvísandi notkun kæranda á léninu gamur.is staðfesti hins vegar enn frekar að skráning og notkun lénsins hafi þann eina tilgang að afvegaleiða neytendur í þeirri von að þeir leiti til kæranda í stað Gámaþjónustunnar hf. og að villa þar með um fyrir þeim. Það sama eigi við um það að setja upp tölvupóstföng með nöfnum starfsmanna Gámaþjónustunnar hf. Kærandi hafni því að ásetningur standi til þess að villa um fyrir neytendum og beri fyrir sig að honum sé heimilt að skrá netföng fyrir sína starfsmenn með léni sem hann eigi

löglega skráð. Þó finnst enginn Sveinn sem starfmaður kæranda á heimasíðu hans og sama eigi við um nöfn fleiri starfsmanna Gámaþjónustunnar hf. sem kærandi hafi stofnað netföng fyrir með endingunni gamur.is. Þetta bendi til beins ásetnings af hálfu kæranda og sé skýrt brot á 5. gr. laga nr. 57/2005.

33. Í bréfinu er einnig tekið fram að skráning og notkun kæranda eða Gámaþjónustunnar hf. á öðrum lénom sem ekki stangist á við ákvæði laga nr. 57/2005 sé málinu óviðkomandi. Þá sé fráleitt, líkt og kærandi leggi til í greinargerð sinni, að Gámaþjónustan hf. skipti um tölvupóstfang til að komast hjá hugsanlegum ruglingi. Slíkt sé sambærilegt því að benda framleiðanda á að skipta um vörumerki á vöru sinni til að forðast rugling, komi annar aðili seinna inn á markað með ruglingslega líkt vörumerki. Ekki verði á neinn hátt séð að lénið gamur.is sé nærtækasta lénið fyrir kæranda enda reki hann starfsemi undir heitinu Íslenska gámafélagið. Kæranda hafi mátt vera ljóst að um ruglingshættu gæti orðið að ræða milli fyrirtækja í sama rekstri með svo lík lénanöfn. Varðandi tilvísun kæranda til tómlætis er umfjöllun í fyrri greinargerðum ítrekuð, um að skráning léna sé ekki birt sérstaklega og uppsetning kæranda á samsvarandi netföngum starfsmanna Gámaþjónustunnar hf. sé ekki til þess fallin að vekja sérstaka athygli félagsins að ókönnuðu máli.

NIÐURSTAÐA

34. Í máli þessu er deilt um þá niðurstöðu Neytendastofu að kærandi hafi brotið gegn lögum með skráningu og notkun lénsins gamur.is, en lénið skráði kærandi þann 29. mars 2000. Áður hafði Gámaþjónustan hf. skráð lénið gamar.is, þ.e. hinn 12. nóvember 1998, en tildrög málsins hjá Neytendastofu voru kvörtun Gámaþjónustunnar hf. til stofnunarinnar. Nánar tiltekið var niðurstaða Neytendastofu sú að kærandi hefði brotið gegn 20. gr. og 2. másl. 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með skráningu og notkun lénsins frá skráningu til 1. júlí 2005, brotið gegn 5. gr. og 2. másl. 12. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005 með notkun lénsins frá 1. júlí 2005 til 7. júní 2008, og gegn 2. másl. 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 með notkun þess frá 7. júní 2008. Með ákvörðuninni var kæranda bönnuð notkun lénsins og honum gert að afskrá það hjá ISNIC innan tiltekins frests. Með kæru leitar hann endurskoðunar umræddrar ákvörðunar, en Neytendastofa og Gámaþjónustan óska staðfestingar hennar.
35. Kærandi byggir í fyrsta lagi á sjónarmiðum um tómlæti Gámaþjónustunnar hf., þ.e. á því að þar sem félagið hafi ekki gert athugasemd við skráningu og notkun umrædds léns í tæplega níu ár beri að hafna sjónarmiðum þess á grundvelli tómlætis. Í lögum nr. 57/2005 er ekki að finna sérstakar reglur er lúta að tómlæti, ólíkt því sem á við um lög um vörumerki nr. 45/1997, og áfrýjunarnefnd neytendamála telur að Neytendastofu hafi verið rétt að taka kvörtunina til meðferðar með þeim hætti sem gert var. Í því sambandi athugast einnig að kvörtunin og hin kærða ákvörðun lutu ekki eingöngu að skráningu lénsins árið 2000, heldur einnig að notkun lénsins og meintum óréttmætum viðskiptaháttum því tengdu á seinni stigum. Þrátt fyrir að Neytendastofu hafi verið rétt að vísa erindinu ekki frá á grundvelli tómlætis, kann sá tími sem líður frá því að umdeild háttsemi á sér stað og þar til kvartað er yfir því að hún brjóti gegn 15. gr. a laga nr. 57/2005, á hinn bóginn að hafa áhrif við efnislegt mat á því hvort skilyrði ákvæðisins séu fyrir hendi.

36. Í niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar er vísað til nokkuð margra lagaákvæða um brot kæranda, en það helgast af þeim lagabreytingum sem orðið hafa frá því hið umdeilda lén var skráð. Í meginatriðum ræðst úrlausn málsins af ákvæðinu sem nú er að finna í 15. gr. a laga nr. 57/2005. Því sem næst samhljóða ákvæði var að finna í 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er lénið var skráð og frá 1. júlí 2005 til 7. júní 2008 var ákvæðið í 12. gr. laga nr. 57/2005 (með lögum nr. 50/2008 voru lögín færð í núverandi horf og nafni þeirra breytt). Samkvæmt þessu er í reynd um að ræða efnislega sama ákvæðið í gegnum allt það tímabil sem um er deilt. Ákvæðið má raunar rekja allt til laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum nr. 84/1933 og það var síðar í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978. Tilgangur ákvæðisins var að ná til tilvika sem ekki féllu beint undir ákvæði firmalaga eða laga um vörumerki. Talið var að vernd síðastnefndu laganna næði ekki alltaf nógu langt og því væri þörf á slíkri almennri samkeppnisreglu um vernd auðkenna. Þrátt fyrir vaxandi umfang slíkra sérlaga hefur löggjafinn metið það svo að enn sé þörf á tilvist slíkrar almennra reglu og þeirri viðbótarvernd sem hún veiti. Í ákvæðinu er í reynd um tvenns konar reglur að ræða – annars vegar bann við því að nota auðkenni sem viðkomandi hefur ekki rétt til, sbr. 1. másl. ákvæðisins, en hins vegar bann við því að nota eigin auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við einkenni annarra, sbr. 2. másl. Í hinni kærðu ákvörðun var talið að kærandi hefði brotið gegn 2. másl. ákvæðisins.
37. Við mat á því hvort brotið hafi verið gegn ákvæðinu hafa eftirlitsstjórnvöld um margt litið til svipaðra sjónarmiða og í vörumerkjarétti. Meðal þeirra grunnsjónarmiða sem framkvæmdin ber með sér, um túlkun á 2. másl. ákvæðisins, er að við mat á því hvort notkun og skráning heitis eða léns brjóti gegn ákvæðinu hefur grundvallarþýðingu hvort þau heiti eða lén sem um er deilt hafi sérkenni sem greini þau frá öðrum. Ef lén eða heiti er einungis lýsandi fyrir þá þjónustu eða vörur sem viðkomandi hefur á boðstólum, en hefur ekki einhver tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum, hefur viðkomandi ekki verið talinn njóta verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekk heiti eða lén til kynningar á starfsemi sinni. Um þetta vitna ýmsir fyrri úrskurðir, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 28. febrúar 2006 (1/2005), úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 12. október 2006 (3/2006) og úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 7. mars 2007 (6/2006).
38. Samkvæmt framangreindu er ljóst að Gámaþjónustan hf. nýtur ekki verndar framangreinds ákvæðis gegn skráningu og notkun kæranda á léninu gamur.is teljist lénið gamar.is ekki hafa sérkenni til aðgreiningar frá öðrum heldur einungis lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem um ræðir. Áfrýjunarnefnd neytendamála telur að sú sé raunin og að skráning og notkun kæranda á hinu umdeilda léni brjóti þar af leiðandi ekki gegn ákvæðinu. Í íslenskri orðabók er orðið gámur m.a. skilgreint sem „stórt kassalaga ílát til flutninga“. Orðið hefur verið notað hér á landi um talsvert skeið, líkt og framlögð gögn kæranda bera með sér. Það er afar almennt og lýsir einfaldlega tilteknu íláti, sem er mikilvægur þáttur í starfsemi beggja þeirra félaga sem deila. Orðið er enda að finna í heitum beggja félaganna, sbr. Íslenska gámafélagið ehf. og Gámaþjónustuna hf. Hin líku lén sem um er deilt kunna vissulega að vera til þess fallin að valda einhverjum ruglingi. Orðið gámur er hins vegar einfaldlega það almennt og lýsandi fyrir umrædda vöru/þjónustu að skráning og notkun kæranda á léninu verður ekki talin brjóta gegn ákvæðinu. Ekki verður heldur alfarið horft fram hjá þeim langa tíma sem liðinn er frá skráningu beggja léna, en þau virðast hafa verið í samhliða notkun um talsvert skeið án þess að Gámaþjónustan hf. sæi

ástæðu til að kvarta yfir því að brotið væri gegn ákvæðinu. Þannig hafði lén kæranda verið skráð í u.þ.b. átta og hálf t. ár án þess að slíku broti væri haldið fram, á meðan tímabilið frá því að Gámaþjónustan hf. skráði sitt lén og þar til kærandi skráði sitt lén var einungis u.þ.b. eitt og hálf t. ár.

39. Til viðbótar því að telja kæranda hafa brotið gegn framangreindu ákvæði, taldi Neytendastofa hann hafa brotið gegn 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með skráningu og notkun lénsins til 1. júlí 2005, og gegn 5. gr. laga nr. 57/2005 með notkun þess frá 1. júlí 2005 til 7. júní 2008. Þau brottföllnu ákvæði sem þarna er vísað til voru orðrétt samhljóða, en þar sagði: „Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“ Þessari almennu reglu var ætlað að ná til ýmissa tilvika sem sérákvæði laganna tækju ekki til og var hún talin nauðsynleg til að unnt væri að fylgja eftir breytingum í viðskiptaháttum og beina þeim í þann farveg sem heppilegastur væri á hverjum tíma. Nokkur breyting varð á fyrirkomulagi þessa almenna banns með lögum nr. 50/2008, um breytingu á lögum nr. 57/2005, og Neytendastofa byggir ekki á því að brotið hafi verið gegn slíku almennu banni eftir gildistöku laga nr. 50/2008.
40. Um rökstuðning fyrir því að brotið hafi verið gegn ákvæðinu segir í hinni kærðu ákvörðun að í ljósi þess að Gámaþjónustan hf. og kærandi séu keppinautar, m.a. í sorphirðu, fái Neytendastofa ekki séð að tilviljun hafi ráðið skráningu kæranda á umræddu léni, og að fyrirtækið hefði átt að vita betur. Slíkt telji Neytendastofa brjóta í bága við góða viðskiptahætti samkvæmt umræddu ákvæði. Gámaþjónustan hf. hefur jafnframt m.a. tekið fram að lénið gamur.is virðist ekki hafa verið í almennri notkun, heldur einfaldlega vísað inn á aðalheimasíðu kæranda, og ekkert kalli á að hann noti lénið fyrir heimasíðu sína nema það að líkja eftir léni Gámaþjónustunnar hf. Einnig að svo virðist sem kærandi haldi úti virkum netföngum sem séu eins og netföng starfsmanna Gámaþjónustunnar hf., að undanskilinni endingunni (gamur.is í stað gamar.is), sem bendi til klárs ásetnings til að villa um fyrir neytendum.
41. Áfrýjunarnefnd neytendamála getur ekki fallist á að fyrir liggi að kærandi hafi viðhaft óréttmæta viðskiptahætti sem fari í bága við áður nefnt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Orðið gamur er afar almennt og lýsandi og því verður skráning og notkun kæranda á léninu gamur.is sem fyrr segir ekki talin brjóta í bága við ákvæðið í 15. gr. a laga nr. 57/2005. Sömu rök standa til þess að telja það ekki brjóta gegn almenna banninu gegn óréttmætum viðskiptaháttum að skrá og nota svo almennt og lýsandi lén, jafnvel þótt svipað lén sé þegar til staðar. Hér verður ekki heldur alfarið horft fram hjá þeim langa tíma sem lénin höfðu bæði verið skráð er kvörtun var sett fram, auk þess sem hafa verður í huga hið breiðara samhengi í samskiptum og samkeppni umræddra fyrirtækja. Í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 12/2009, sem einnig er kveðinn upp í dag, er komist að þeirri niðurstöðu að Gámaþjónustan hf. hafi ekki brotið gegn þeim ákvæðum sem hér er um deilt með því að skrá og nota lénin grænatunnan.is og graenatunnan.is, þrátt fyrir að kærandi eigi skráð orð- og myndmerki sem inniber orðin græna tunnann. Líkt og í þessu máli byggir niðurstaðan fyrst og fremst á því að umrædd orð skorti nauðsynleg sérkenni til að það teljist brjóta gegn lögum nr. 57/2005 að annar aðili skrái og noti umrædd lén. Fyrirtækin eiga bersýnilega í fremur harðri samkeppni en áfrýjunarnefnd neytendamála telur ekki unnt að

draga þá ályktun að háttsemi annars hvors aðilans sem um er fjallað í málunum, hafi farið í bága við hið almenna bann gegn óréttmætum viðskiptaháttum. Hagsmunir neytenda felast og ekki í því að einn keppinautur hafi einkarétt til að nota slík almenn orð í léni sínu.

42. Samkvæmt framansögðu er ekki fallist á að kærandi hafi brotið gegn þeim lagaákvæðum sem Neytendastofa áleit hann hafa brotið gegn. Af því leiðir vitanlega um leið að ekki verður staðfest það bann sem Neytendastofa lagði á vegna brotsins, né fyrirmæli hennar um afskráningu umrædds léns. Hin kærða ákvörðun verður því felld úr gildi í heild sinni.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi.

Eiríkur Jónsson

Egill Heiðar Gíslason

Eyvindur G. Gunnarsson